



## Minnisspjald fyrir sjúklinga varðandi beindrep í kjálka

Á þessu minnisspjaldi má finna mikilvægar öryggisupplýsingar sem þú verður að hafa í huga fyrir og við meðferð með zoledronsýru (Zoledronic Acid Teva) til inndælingar í bláæð

Læknirinn þinn hefur mælt með því að þú fái zoledronsýru sem er gefin með innrennsli í bláæð, til að koma í veg fyrir fylgikvilla í beinum (t.d. beinbrot) eða til þess að draga úr magni kalsíums í blóði hjá fullorðnum sjúklingum, í þeim tilfellum þar sem það er of hátt vegna þess að æxli er til staðar.

Greint hefur verið frá aukaverkun sem kallast beindrep í kjálka (ONJ) (beinskemmdir í kjálka) hjá allt að 1 af hverjum 100 sjúklingum sem fengu zoledronsýru til inndælingar vegna krabbameinstengdra sjúkdóma. Beindrep í kjálka getur einnig komið fram eftir að meðferð er hætt.

Til að draga úr hættu á myndun beindreps í kjálka eru nokkrar varúðarráðstafanir sem þú skalt fara eftir:

### Áður en meðferð hefst:

- Biddu lækninn þinn að fræða þig um beindrep í kjálka áður en meðferð hefst.
- Fáðu ráðleggingar hjá læknum um hvort tannskoðun sé ráðlögð áður en meðferð með zoledronsýru er hafin.
- Láttu lækninn/hjúkrunarfræðinginn (heilbrigðisstarfsmann) vita ef þú átt við vandamál að stríða tengd munni eða tönnum.

Sjúklingar sem gangast undir tannskurðaðgerðir (t.d. tanndrátt), fá ekki reglubundna tannlæknaþjónustu, nota lyf sem nefnast barksterar eða hafa sjúkdóma í tannholdi, reykja, fá ólíkar tegundir krabbameinsmeðferða eða hafa áður fengið meðferð með bisfosfónati (notað til að meðhöndla eða koma í veg fyrir beinsjúkdóma) geta verið í aukinni hættu á að fá beindrep í kjálka.

### Meðan á meðferð stendur:

- Þú skalt viðhafa góða munnhirðu, gæta þess að gervitennur passi vel og fara reglulega í skoðun hjá tannlækni.
- Ef þú ert í meðferð hjá tannlækni eða þarft að gangast undir tannaðgerð (t.d. tanndrátt) skaltu láta lækninn vita og segja tannlæknum einnig frá því að þú fái meðferð með zoledronsýru.
- Hafðu tafarlaust samband við lækninn og tannlækni ef fram koma vandamál tengd munni eða tönnum, svo sem lausar tennur, verkir eða bólga í munni, tönnum og/eða kjálka, sár í munni eða kjálka sem ekki gróa eða vessandi sár, dofi eða þyngslatilfinning í kjálka eða tannlos þar sem slíkt gæti verið merki um beinskemmdir í kjálka (beindrep í kjálka). Þessi einkenni geta einnig komið fram eftir að meðferð er lokið.

Nánari upplýsingar eru í fylgiseðli.